



176. fundur framkvæmdastjórnar ÍSí var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSí, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 23. september 2010 og hófst kl. 16:15.

Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Friðrik Einarsson, Sigríður Jónsdóttir, Jón Gestur Viggósson, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 1. varamaður, Þorgrímur Þráinsson 2. varamaður, Gústaf A. Hjaltason 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll: Lárus Blöndal varaforseti, Helga H. Magnúsdóttir, Örn Andrésen og Helgi Sigurðsson.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

1. Ólympísk verkefni

Friðrik Einarsson formaður Afrekssviðs fór yfir stöðu mála.

Singapore 2010

Skýrslugerð er í vinnslu.

EYOF 2011

Likur eru á að ÍSí geti í fyrsta sinn sent keppenda/keppendur í skautaiþróttum á Vetrariþróttahátíð Evrópuæskunnar sem haldin verður í Lieberech.

Smáþjóðaleikar 2011

Forseti og framkvæmdastjóri eru að skoða skipan vinnuhóps til undirbúnings Smáþjóðaleikanna á Íslandi 2015.

London 2012

Friðrik skýrði frá því að samningar um styrk Ólympíusamhjalparinnar til sérsambanda 7 afreksíþróttamanna væru tilbúnir til undirritunar. Um er að ræða verulegan fjárhagslegan styrk sem ætti að létta verulega undir í aðdraganda leikanna fyrir viðkomandi íþróttafólk.

Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri Afrekssviðs sóttu fund undirbúningsnefndar leikanna í byrjun september þar sem farið var yfir stöðu mála í undirbúningi leikanna.

Undirbúningur leikanna virðist ganga samkvæmt áætlun.

Skrifstofustjóri sótti ráðstefnu um miðamál leikanna 23. september sl.

Nokkrar umræður urðu um miðamál leikanna. Gera má ráð fyrir miklum áhuga á Íslandi að sækja leikana í ljósi þess hversu nálægt þeir eru haldnir að þessu sinni.

Framkvæmdastjóri á í viðræðum við aðila um umsjón miðasölu til almennings á Íslandi. Niðurstaða úr þeim viðræðum ætti að liggja fyrir um mánaðamótin.

2. Íþróttastefna ríkisins

Drög að Íþróttastefnu ríkisins lögð fram. Fundarmenn beðnir að lesa hana vel yfir og senda athugasemdir sínar og ábendingar til framkvæmdastjóra í síðasta lagi þriðjudaginn 28. september nk.

3. Slysabótasjóður

Gunnar Bragason gjaldkeri skýrði frá því að það liti út fyrir að hægt yrði að greiða umsóknir vegna slysa frá árinu 2009 á 40% endurgreiðsluhlutfalli. Slys frá núverandi ári eru á bið þar til fundur fæst með nýjum heilbrigðisráðherra um næstu skref.

4. Formannafundur ÍSÍ

Fundurinn verður haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal 19. nóvember nk. Samþykkt að stefna að óformlegum fundi héraðssambanda sama dag. Skrifstofu falið að óska eftir tillögum að fundarefni frá héraðssamböndum/íþróttabandalögum.

5. Vinnufundur 15. október

Fundurinn verður haldinn á Laugarvatni. Lagt verður af stað á hádegi frá Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Nánari tímasetningar og fyrirkomulag verður sent út þegar nær dregur. Umfjöllunarefni verða innra og ytra skipulag ÍSÍ.

6. Fundargerðir

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar:

- 175. fundur framkvæmdastjórnar
- Framkvæmdaráðs frá 23.9.2010
- Fjármálaráðs frá 22.9.2010
- Almenningsíþróttasviðs frá 24.8.2010
- Lyfjaeftirlitsnefndar frá 13.9.2010
- Laganefndar frá 14.9.2010

7. Viðburðir framundan

Farið yfir helstu viðburði sem framundan eru fram að næsta fundi og til lengri tíma litið.

8. Næstu fundir framkvæmdastjórnar ÍSÍ

Næstu fundir framkvæmdastjórnar eru fyrirhugaðir 15. október nk., 11. nóvember og 9. desember.

9. Önnur mál

Íþróttanefnd ríkisins

Samþykkt að tilnefna Sigríði Jónsdóttur og Ólaf Rafnsson sem mögulega fulltrúa í Íþróttanefnd ríkisins.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir fundarritari